

Nánar um reglugerð (EB) nr. 1107/2009

Við innleiðingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað fellur niður fyrirvari um að reglur í Evrópusambandinu um markaðssetningu plöntuverndarvara gildi ekki hér á landi.

Á sínum tíma þegar Ísland gerðist aðili að EES þótti eðlilegt að hér giltu strangari reglur um notkun plöntuverndarvara en voru þá við lýði í Evrópu sökum ólíks loftslags, gróðurfars og dýralífs. Mikið hefur áunnist í Evrópusambandinu með að draga úr notkun varnarefna sem hafa óæskileg umhverfisáhrif á meðan að ákveðin stöðnun hefur ríkt hér á landi. Notkun plöntuverndarvara hefur þó aukist og mun meira hér en í öðrum EES ríkjum. Það er ekki síst vegna þess sem að framan greinir að nú sé talið rétt að sömu reglur gildi hér á landi og annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu.

Með nýrri reglugerð Evrópusambandsins nú er haldið áfram á þeirri braut að stuðla að öruggari notkun plöntuverndarvara sem hófst með gildistöku tilskipunar um markaðssetningu þeirra fyrir 23 árum. Þá var komið á samræmdu kerfi til að samþykkja virk efni og veita markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum. Einnig voru þá sett ákvæði um að efni sem ekki þóttu örugg hyrfu af markaði sem hefur haft í för með sér að notkun margra hættulegra plöntuverndarvara hefur verið hætt.

Skv. nýju reglugerðinni verða virk efni áfram metin með tilliti til áhættu þar sem ábyrgðin liggur hjá yfirvöldum í einstökum ríkjum. Matið skal byggja á hættueiginleikum efna (hazard) fremur en áhættu (risk) af völdum notkunar.

Óheimilt er að nota virk efni sem eru krabbameinsvaldandi (CMR), hættuleg gagnvart börnum í móðurkviði (PBT), trufla hormónajafnvægi eða skaða tauga- eða ónæmiskerfi í plöntuverndarvörur. Samþykki virkra efna er tímabundið í samræmi við áhættuna við notkun þess og háð endurskoðun.

Samþykkt efni fara á sameiginlegan lista yfir virk efni sem heimiluð verða í plöntuverndarvörum auk samverkandi efna (synergists) og eiturdeyfa (safeners). Meðefni (co-formulants) sem ekki má nota í plöntuverndarvörur fara á sérstakan lista.

Aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu er skipað í 3 svæði, Norður-, Mið- og Suðursvæði og skulu ríki innan sama svæðis hafa með sér samvinnu við veitingu markaðsleyfa. Fyrst er gefið út markaðsleyfi í einu ríki innan svæðisins og í kjölfarið má veita gagnkvæma viðurkenningu á því markaðsleyfi með einfaldari

málsmeðferð í öðrum ríkjum þess. Svæðaskiptingin gildir ekki um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum sem ætlaðar eru til notkunar í gróðurhúsum, til að meðhöndla fræ, við meðhöndlun að lokinni uppskeru og meðhöndlun á tómunum geymslum.

Skylda verður lögð á herðar yfirvalda sem veita markaðsleyfi að meta plöntuverndarvöruna með hliðsjón af vörum sem gegna sama hlutverki en hafa mismikil áhrif á heilsu manna og umhverfi. Skiptiregla verður virk og gefinn frestur til að skipa út skaðlegustu plöntuverndarvörunum. Yfirvöldum er gert að fylgjast með plöntuverndarvörum sem innihalda virk efni sem skipta á út.

Undanþágur verða veittar fyrir virk efni sem þykja nauðsynleg til að vernda tiltekna plöntur og mega gilda í allt að 5 ár. Plöntuverndarvörur með markaðsleyfi í EES ríkjum skv. núverandi kerfi mega vera á markaði út gildistímann.

Trúnaðarskylda verður á niðurstöðum prófana og rannsókna fyrir samþykkt virk efni í 10 ár. Niðurstöður prófana og rannsókna sem gerðar eru hryggdýrum skulu þó vera undanþegnar trúnaðarskyldu og aðilum skylt að skiptast á slíkum niðurstöðum í því skyni að koma í veg fyrir ónauðsynlegar prófanir þar sem hryggdýr eiga í hlut. Aðeins skal gera prófanir þar sem hryggdýr eiga í hlut þegar engar aðrar aðferðir eru færar til þess að meta áhættu af völdum plöntuverndarvara. Einnig eru í reglugerðinni ákvæði um sérmerkingar plöntuverndarvara og bann við auglýsingum.